

Garðabær
Skipulagsfulltrúi
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Garðabær, 29. apríl 2025
202503-0265/I.M.B.
08.02

Efni: Umsögn - Tillaga að deiliskipulagsbreytingu - Urriðaholt Norðurhluti 4. áfangi, Flóttamannavegur

Vísað er til erindis Garðabæjar er barst 27. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi ofangreinds máls.

Tillagan gerir ráð fyrir breytingum á útfærslu Flóttamannavegar og gatnamóta við Urriðaholtsstræti, Holtsveg og aðkomuveg að golfvallarsvæði.

Náttúruverndarstofnun bendir á að við mörk þess svæðis sem deiliskipulagsbreytingin tekur til liggja fólkvangarnir Maríuhellar og Urriðakotshraun og rétt væri að mörk þeirra verði sett fram á uppdrætti deiliskipulagsins.

Náttúruverndarstofnun bendir á ákvæði 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, sem kveður á um starfsemi og framkvæmdir utan friðlýsts svæðis. Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Náttúruverndarstofnunar áður en leyfi er veitt.

Virðingarfyllt,

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir
sérfræðingur

Sveinn Kári Valdimarsson
sérfræðingur